MENNING

Ráðgátan Kjarval

„Aldarminning“ að Kjarvalsstöðum

Jóhannes Sveinsson Kjarval hefði orðið aldargamall þann 15. október síðastliðinn, ef honum hefði enst aldur. Í tilefni þess hefur fjórum sýningum verið hleypt af stokkunum á höfuðborgarsvæðinu. Tvær þeirra eru í Reykjavík: í Listasafni Íslands og að Kjarvalsstöðum. Aðrar tvær eru í Hafnarfirði. Í Háholti sýnir Þorvaldur Guðmundsson hluta af einkasafni sínu á Kjarvalsverkum, en í Hafnarborg eru til sýnis myndir í eigu Hafnarfjarðarbæjar.


Að þessu sinni verður vikið að sýningunni „Aldarminning“, sem færð hefur verið upp að Kjarvalsstöðum. Þar eru sýnd 214 verk, flest í einkaeign og eru 177 þeirra olíumálverk. Auk verkanna eru til sýnis munir úr dánarbúi Kjarvals, sem tengjast starfi hans, svo og ljósmyndir af listamanninum. Verkunum hefur verið raðað nokkurn veginn eftir tímatali, svo auðvelt reynist að rekja hina skrykkjóttu þróun málarans frá upphafi ferils hans og til æviloka.

Langur aðdragandi

Af sýningunni má ráða að leið Kjarvals var bæði löng og ströng. Hann náði háum aldri, en tók seint út sinn listræna þroska. Á skólabekk settist hann ekki fyrr en hátt á þrítugsaldri og þá fyrst hlaut hann undirstöðumenntun í teikningu og málaralist. Hér er því ekkert undrabarn á ferð, heldur þrautseigur maður sem þurfti að leggja hart að sér til að ná takmarki sínu.

Að vísu bar nokkuð snemma á teiknihæfileikum hans og þroska sinn í þeirri kúnst tók hann út löngu á undan málaralistinni. Því miður hafa Íslendingar ekki borið gæfu til að skilja eðli teikninga og mikilvægi þeirra sem undirstöðu sjónrænna lista. Þess vegna hefur teiknarinn Kjarval ávallt staðið í skugganum af málaranum. Fæstum hefur skilist að hann var einhver, ef ekki mesti, teiknari sem við höfum átt.

Aðdragandinn að meistaratökum hans á málverkinu er miklu lengri og misjafnari. Honum brást sjaldan eða aldrei bogalistin í teiknikúnstinni, en annað er uppi á teningnum í málverkinu. Þar gengur á ýmsu fram eftir aldri. Kjarval var kominn fast að fimmtugu þegar hann fann loks leið samræmis fyrir allar þær ólíku stefnur sem brutust um innra með honum.



Blómaandlit frá um 1940. Túsk og vatnslitir.

Aldamótamaður?

Það hefur e.t.v. reynst Kjarval erfitt að finna list sinni þjóðlegan farveg, en líkt og öðrum frumherjum íslenskrar myndlistar á tuttugustu öld, rann honum blóðið til skyldunnar. Hann mun lengi hafa hugleitt með hverjum hætti mætti skapa séríslenska myndlistarhefð þar sem enga slíka hefð var að finna. Það er greinilegt að hann hefur ekki látið sér nægja að herma erlendar listastefnur upp á íslenskar aðstæður eins og kollegar hans, þeir Ásgrímur og Jón Stefánsson gerðu. Hann vildi bersýnilega ganga lengra.

Kynni Kjarvals af Einari Jónssyni myndhöggvara hafa trúlega opnað augu hans fyrir symbolismanum, eða táknsæisstefnunni, sem var allsráðandi í Evrópu á seinustu tugum 19. aldarinnar. Það virðist augljóst að Kjarval varð fyrir sterkum áhrifum af táknsæisstefnunni, einkum franskættuðum meiði hennar sem kenndur var við spámenn Gamla testamentisins. Fylgismenn hans kölluðu sig les Nabis, sem er hebreska heitið yfir spámenn. Aðalforsprakki Spámanna var Paul Gauguin, áður en hann yfirgaf Frakkland og hélt til Suðurhafseyja.

Áhrif les Nabis og væntanlega einnig Einars Jónssonar má finna í myndinni „Á hulduströndum,“ frá 1935. Hún er staðfesting þeirra tilrauna sem hafist höfðu löngu fyrr og gengu út á það að



mægja hulduverur við íslenskt landslag. Enn önnur áhrif frá táknræisstefnunni má finna í hinum ímynduðu vangamyndum, eða prófílum, sem hvarvetna spretta fram í teikningum og málverkum Kjarvals. Þessir hausar verða næsta auðveldlega raktir til franska symbolistans Odilons Redons.

Kjarval tókst samt sem áður að fella öll þessi áhrif að sínum persónulega og frjálsa stíl. Á sama hátt auðnaðist honum að samsama ýmsar stefnur tuttugustu aldarinnar að málverki sínu. Það tók hann langan tíma, en á endanum féll allt saman í eðlilega og órjúfanlega heild. Þessi sambræðingur aldamótastíls og nútímastefna er eitthvert mesta afreksverk Kjarvals. Hann gerir verk hans í senn heföbundin og nútímaleg, þannig að þau sveiflast fram og aftur í einhverju undarlegu tímaleysi.

Vanþekking

Sýningin að Kjarvalsstöðum færir mönnum heim sanninn um afrek og afkastagetu þessa mikla málara. Þegar svo mörg verk eru saman komin á einum stað, fer ekki hjá því að ýmislegt líti dagsins ljós sem áður hefur verið á huldu. Hins vegar liggur það í augum uppi að mikið rannsóknarverk er framundan, ef komast á nær kjarnanum í þessu yfirgripsmikla ævistarfi. Hingað til hefur þekking manna á Kjarval verið næsta lítil. Persónuleiki málarans hefur blindað menn og þeir hafa haft tilhneigingu til að rugla öllu saman: list og lífi; atferli og ætlunarverki.

Vissulega var Kjarval íslenskur listamaður, en því fer fjarri að hann hafi lokað sig af gagnvart erlendum straumum. Maðurinn nam sitt fag á erlendri grundu og hélt tvisvar í langar kynnisferðir suður í álfu. Eitthvað hlýtur hann að hafa lært af öllu þessu.

Þótt mikið vatn sé runnið til sjávar og listamaðurinn sé fyrir löngu orðinn ástmögur þjóðarinnar, fer því fjarri að hún hafi sýnt honum þann sóma sem honum ber. Enn hafa engar frumrannsóknir á ævistarfi hans litið dagsins ljós. Hvergi bólar á gögnum sem gætu varpað frekara ljósi á list hans og aðferðir. Þrátt fyrir allar þær anekdótur sem fljúga um manninn, jaðrar þekking manna á honum við vanþekkingu.

Á aldarafmæli Kjarvals hefði verið fengur að greinargóðu undirstöðuriti um list hans. En hingað til hafa engir peningar fengist til almennilegra rannsókna á verkum hans. Maðurinn helfur því áfram að vera ráðgáta og kjarnfóður í þjóðsögur. Það er sá sómi sem honum er sýndur á aldarafmælinu.

HBR

Þjóðarbókhlaða

Það er til fé

Baráttuhljóð í þátttakendum á ráðstefnu um þjóðarbókhlöðu

Háskólabókasafn er svo aðþrengt að forstöðumenn þess hyggjast fara fram á annað hvort við Háskólaráð, að fá hátíðarsal háskólans fyrir starfsemi safnsins eða fá reista til bráðabirgða viðbyggingu aftanúr aðalbyggingu háskólans þarsem afgreiðsla safnsins er nú. Að auki starfar safnið á fjórtán stöðum öðrum.

Þetta kom fram í erindi Einars Sigurðssonar háskólabókavarðar á ráðstefnu sem Bókavarðafélag Íslands gekkst fyrir á laugardag um Þjóðarbókhlöðuna. Að sögn Erlu Jónsdóttur formanns Bókavarðafélagsins var baráttuhljóð í þátttakendum á ráðstefnunni. Erla sagði í samtali við Þjóðviljann að hin eiginlega niðurstaða ráðstefnunnar væri sú að knýja á um auknar fjárveitingar þannig að byggingu hússins yrði lokið að minnsta kosti fyrir aldamót.

Hingað til hefur verið veitt til byggingarinnar fjárhæð sem svarar til 170 miljóna núvirðiskróna, og er áætlað að enn þurfi um 277 miljónir. Á fjárlögum fyrir 1986 er veitt 5 miljónum til Þjóðarbókhlöðu, og verði sú raunin áfram lýkur byggingu hússins ekki fyrren núverandi meirihluti landsmanna er dauður, árið 2041.

Ráðstefnan á laugardag var mjög fjölsótt, hátíðasalur háskólans þéttsetinn, og umræður miklar og fjörugar. Í erindi sínu minnti Erla Jónsdóttir meðal annars á byggingarsögu Safnahússins gamla, sem reist var á hálfu þriðja ári, og átti þar ekki minnstan þátt framsýni og stórhugur Hannesar Hafstein sem lét selja opinberar lóðir í þágu byggingarsjóðsins. Hún auglýsti eftir hugmyndum í þessa veru til að flýta Þjóðarbókhlöðunni. Ýmsar hugmyndir komu fram, en flestir ræðumanna voru sammála um að í raun væru til peningar, vandinn fælist í forgangi verkefna.

Eins og nú er nýtist 170 miljón króna húsið á Melavellinum ekki til neins.

Meðal ráðstefnugesta voru nokkrir alþingismenn, þar á meðal fjárveitingarnefndarmenn. Ragnhildur Helgadóttir hafði ætlað að taka þátt í ráðstefnunni en sendi afboð. Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra var ekki einn ráðstefnugesta.

–m

Leiðrétting:

Orðalag í umfjöllun minni um pappírsverk Hólmfríðar Árnadóttur, var því miður á þann hátt, að túlka mátti umsögn mína sem svo að Hólmfríður hefði farið í smiðju til Bjargar Þorsteinsdóttur. Slík túlkun er alröng, enda hefur Hólmfríður starfað að list sinni og pappírsgerð lengur en svo að slíkt megi vera.

Halldór Björn Runólfsson